

Stjórnarfundur í þyt 20. Nóvember 2017 kl 17.

1. Rædd gjöld fyrir geymslu kayaka. Ákveðið að geymslugjald kayaka skuli vera 14000 kr á ári án tillits til lengdar kayaks.
2. Lögð fram úttektarskýrsla vegna brunakerfis. Þrettán atriði eru tiltekin sem þarfnast úrbóta. Frestur er gefin til 15. Janúar til að færa í horf það sem upp á vantar. Hafnarfjarðarbær er með í athugun að taka að sér eitthvað af úrbótunum. Hafist verður handa eins fljótt og auðið er með þau verkefni sem að klúbbum snúa.
3. Gjaldkeri greindi frá að hann hefði skoðað myndavélakerfi. Búnaður með 8 upptökuvélar kostar um 40 þúsund kr. Ákveðið að panta búnaðinn.
4. Friðrik Friðriksson, hönnuður hússins, mætti á fundinn og fór yfir teikningar flóttaleiðar. Farið var um húsið og Friðrik útskýrði fyrir stjórn mögulegar lausnir á vandamálum sem þarf að leysa.
5. Starfandi formaður bar upp beiðni frá formanni Ýmis um að Ýmir fái spredara sem liggja í húsnæði klúbbsins ónýttir. Erindið var samþykkt.
6. Ræddar voru tilnefningar siglingamanns ársins vegna árlegrar viðurkenningarhátíðar ÍBH.
7. Formaður greindi frá formannafundi SÍL. Beiðni er um ýmsar tilnefningar. Málið var rætt og ákveðið að tilnefna Markús Pétursson og fjölskyldu hans sem ævintýrafjölskyldu ársins.
8. Gjaldkeri gerði grein fyrir að tilboð hefði borist í tryggingapakka klúbbsins. Gera þarf ítarlega skrá yfir eignir klúbbsins áður en nákvæmra tilboða er aflað.
9. Stjórn smþykkir umboð til gjaldkera og ritara til að undirrita skjöl varðandi þjónustu banka við klúbbinn.